

133

10. febr.

Til 1. október næstkomandi er kaupmönnum, fjelögum svo og einstökum mönnum bannað að flytja til landsins kornvöru frá útlöndum, nema undantekning verði gjörð um elnstakar tegundir.

1. gr.

2. gr.

Til loka þessa árs er bannað að selja hjer á landi aðra kornvöru en þá, sem flutt hefir verið til landsins af landsversluninni, nema sjerstakar undantekningar verði gjörðar.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum 1. og 2. gr. reglugjörðar þessarar varða sektum alt að 100.000 kr.

4. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta er birt öllum til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 10. feb úar 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

134

10. febr.

Auglýsing

um sölu og innflutning á sykri.

Frá 1. maí næstkomandi er Innflutningur og sala á sykri frjáls hjer í landi. Þetta birtist hjermeð þeim til leiðbeiningar, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 10. febrúar 1919

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.